

## Leiðbeiningar

### Ferðasalerniskerra/Ferðasalerni/Akstur

**Áður en lagt er að stað er nauðsynlegt að athuga hvort ökutækið ykkar getur dregið þá kerru sem þið hafið hug á að leigja, vinsamlega skoðið næstu síðu.**

#### **Eftirfarandi atriði skal framkvæma áður en lagt er á stað með kerruna**

- Tengja kerru á dráttarkúlu, opna lás á kúlutengi
- Festa öryggiskeðju, setja öryggiskeðju í festingu á dráttarbeisli eða setja keðjuna utan um kúluna og krækja keðjunni
- Tengja rafmagnstengi
- Taka handbremsu af kerrunni (ef við á)
- Athugið að ef fætur á hornum kerrunnar eru niðri þá þarf að draga þær upp og herða að
- Áður en lagt er að stað með kerruna eftir notkun þá þarf að setja sérstakan tappa sem passar undir salernissetuna svo ekki flæði upp úr salerninu í flutninginum.
- Athugið að mikilvægt er að leigutaki kynni sér ástand salerniskerrunnar áður en lagt er að stað

#### **Eftirfarandi atriði skal framkvæma áður en ferðasalernið er tekið í notkun:**

- Setja fætur á hornum kerrunnar niður
- Taka tappann úr sem er undir salernissetunni

#### **Akstur**

- Akið eftir aðstæðum, aldrei hraðar en 60 km/klst
- Keyrið hægt yfir hraðahindranir
- Utanvegaakstur er ekki leyfilegur
- Athugið að kerran er alfarið á ábyrgð bílstjóra.
- Tjón á kerrunni skal tilkynnt í neyðarnúmer Terra Umhverfisþjónustu

Vinsamlega kynnið ykkur dráttargetu bifreiðar ykkar áður en lagt er af stað með salerniskerrurnar.



Einföld salerniskerra – dráttargeta ökutækis þarf að vera 750 kg.



Tvöföld salerniskerra – dráttargeta ökutækis þarf að vera 1500 kg.



Fjölföld salerniskerra – dráttargeta ökutækis þarf að vera 2000 kg (2 tonn)



Tvöföld plastkerra – dráttargeta ökutækis þarf að vera 700 kg.



Einföld plastkerra – dráttargeta ökutækis þarf að vera 500 kg

**Neyðarnúmer Terra Umhverfisþjónustu er: 660-2800**